

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 59. stjórnarfundur.

Stjórnarfundur í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands haldinn 7. september 2006 kl.
17:00 í Hermes á Reyðarfirði.

Mætt eru: Jósef Friðriksson, Edda Egilsdóttir, Jón B. Hákonarson, Halldóra D. Hafþórsdóttir
og Jón H. Guðmundsson. Enn fremur sat fundinn Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður

Gerðir fundarins:

- Starfsmannamál.**
Sigurbjörn greindi frá breytingum á starfsmannahaldi skrifstofunnar. Karen Sigurðardóttir hefur sagt upp starfi sínu sem sálfræðingur. Búið er að auglýsa eftir sálfræðingi í það starf. Einnig hefur Jarþrúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi hafið störf hjá skrifstofunni og Halldóra Baldursdóttir verið ráðin í 20% starf talmeinafræðings.
- Endurmenntun kennara 2006.**
Sigurbjörn greindi frá þeim námskeiðum sem haldin hafa verið fyrir kennara í sumar og aðsókn að þeim. Meðal námskeiða var *Einstaklings miðað nám - fjölbreyttar kennsluaðferðir - námsmat*, sem var öðrum meiði ráðstefna sem sótt var af 148 kennurum.
Önnur námskeið voru: Lífsleikni - Lions Quest, Námstækni og kennsluáðferðir, Kennsla nemenda með íslensku sem annað móðurmál, Myndlist-videógerð, Fjölgreinanám og Nýsköpunarmennt í skólastarfi.
Almennt voru námskeiðin vel sótt og vel heppnuð.
- Undirbúningur aðalfundar.**
Ákveðið var að halda aðalfund Skólaskrifstofunnar 13. október kl. 15:00 í Safnaðarheimilinu á Reyðarfirði. Lagðir voru fram ársreikningar vegna ársins 2005 og staðfesti stjórnin þá með undirritun sinni.
- Önnur mál.**
Sigurbjörn vakti athygli stjórnar á breytingu á lögum um grunnskóla nr. 66/1999 Lög nr. 98/2006. Lögumum dreift á fundinum. Sigurbjörn greindi frá fyrirhuguðum fundi með fulltrúum grunn- og framhaldsskólastigsins um samstarf skólastiganna.
Sigurbjörn kynnti óformlega könnun á viðhorfi notenda þjónustu Skólaskrifstofunnar. Greint var frá því að tekin hefur verið önnur bifreið á rekstrarleigu, Skoda Oktavía '06 diesel.
- Fundi slitið kl. 19:00.

Jósef A. Friðriksson (sign)
Jón Björn Hákonarson (sign)
Jón H. Guðmundsson (sign)
Edda E. Egilsdóttir (sign)
Sigurbjörn Marinósson (sign)
Halldóra D. Hafþórsdóttir (sign)